

Fréttabréf 2

29. september 2009

2. tbl. skólaárið 2009—2010

Ágætu foreldrar og forráðamenn
nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Þá er komið að öðru fréttabréfi skólaársins. Er það með hefðbundnu sniði – fréttir af því sem við höfum verið að gera og eins af því sem framundan er. Sumt hefur auðvitað komið fram á heimasíðu eða á öðrum vettvangi en annað væntanlega ekki. Skólastarf hefur farið afar vel af stað og ekki er annað að sjá en þær breytingar sem gerðar hafa verið frá síðasta vetri komi vel út.

1. Viðbragðsáætlun vegna influensu

Skólinn hefur gert sér viðbragðsáætlun vegna flensufaraldurs af H1N1 stofni, s.k. svínaflensu. Er talið að hún gangi yfir á næstu vikum og mánuðum en staðfest hefur verið að hún er komin í Borgarfjörðinn eins og vænta má. Eins og er er hér um hættulitla flensu að ræða og ekki ástæða til stóraðgerða. Allir sem veikjast af flensu er ráðlagt að vera heima við í 7 daga. Ráðlagt er að vanda handþvotta og sýna almenna varkárni í umgengni við annað fólk. Annars er bent á viðbragðsáætlun skólans á heimasíðu hans www.grunnborg.is. Þar koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar um þennan flensufaraldur.

2. Samræmd próf

Nemendur 4., 7. og 10. bekkjar tóku samræmd könnunarpróf um daginn, 1. og 7. bekkur í íslensku og stærðfræði og 10. bekkur í íslensku, ensku og stærðfræði. Tilgangur þessara prófa er sá að kanna stöðu nemenda og verða niðurstöður m.a. notaðar við skipulagningu sér – og stuðningskennslu fyrir nemendur þessara árganga.

3. Skólaferðalag

10. bekkur fór í skólaferðalag strax að loknum samræmdum prófum á miðvikudag. Var farið í Skaga – og Eyjafjörð. Tókst þessi ferð vel en hún var skipulögð og kostuð að mestu af foreldrum. Farið var á hestbak, í river rafting, klettklifur, litbolta, skotfimi og fleira var á boðstólum.

4. Skólaverslun

Sú breyting er nú gerð frá því sem áður hefur verið að skólaverslunin er nú rekin á ábyrgð skólans en ekki Óðals líkt og verið hefur. Þar geta nemendur 7.- 10. bekkja keypt sér að morgni samlokur, drykki og fl. Hefur aðstaða til að hita samlokur (búnar til í skólanum) og drykki verið stórbætt. Er reynt að gæta hagkvæmni í hvívetna og lofa fyrstu dagarnir góðu. Eru nemendur áhugasamir um

að láta þetta ganga sem best. Hollusta og gott verð er markmiðið. Eftir sem áður eru nemendur hvattir til þess að hafa meðferðis hollt og gott nesti til að neyta í matarhléum.

4. Mánudagurinn 5. október

Eins og fram kemur á skóladagatali er frí hjá nemendum næsta mánudag, 5. október. Þennan dag nota kennarar til vinnu við ýmis fagleg störf og undirbúning fyrir kennslu komandi vikna. Tómskundaskólinn er opinn frá kl. 8 að morgni fyrir þá nemendur í 1.-4. bekk sem á þurfa að halda.

5. Verkefnið Mentor

Grunnskólinn og Menntaskóli Borgarfjarðar hafa tekið höndum saman um að bjóða nemendum að taka þátt í samfélagsverkefni er nefnist Mentor. Megintilgangur þess verkefnis er að háskóla – og framhaldsskólanemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við þau. Verkefnið var kynnt fyrir forráðamönnum nemenda í yngri deild. Allmargar umsóknir um þátttöku bárust en ekki var hægt að verða við nema sjö þeirra. Meiri upplýsingar um verkefnið er að finna á síðunni www.vinatta.is

6. Breyttar áherslur í námsmati

Miðvikudaginn 7. október verður haldinn kynningarfundur fyrir forráðamenn nemenda um breyttar áherslur í námsmati við skólann og notkun skráningakerfisins Mentor. Fundurinn verður haldinn í Óðali og hefst hann kl. 18 og er ætlað að standa í eina klukkustund. Forráðamenn eru hvattir til að mæta og kynna sér hvað um ræðir.

Ekki fleira að sinni – bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri